

22. mál 2021-2022

Flutt af Gísla Jónassyni, Hjalta Hugasyni, Hreini Hákonarsyni og Steindóri R. Haraldssyni.

Pingsályktun um stofnun starfshóps til að skilgreina þörf fyrir presta og djákna vegna vígðrar grunnþjónustu þjóðkirkjunnar á landsvísu.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að stofnaður verði 5 manna starfshópur er skilgreini þörfina fyrir þjónustu djákna, presta, prófesta og vígslubiskupa. Starfshópurinn starfi í samráði við biskupafund og njóti aðstoðar starfsfólks á biskupsstofu eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa. Þá verði leitað álits vígðra þjóna, sóknarnefndarfólks og starfsfólks safnaða.

Starfshópurinn skili skýrslu til kirkjuþings 2022. Á grundvelli hennar verði endurskoðuð, eftir því sem við á, skipting landsins í starfseiningar, prófastsdæmi, prestaköll og/eða samstarfssvæði og horft verði til framtíðar.

Vinna þessi skal ekki koma í veg fyrir að einstakar breytingar verði gerðar á starfseiningum og/eða mönnun meðan á ofangreindri vinnu stendur.

Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021